

Félagsbúið Miðhrauni II sf.  
Miðhrauni 2  
311 Borgarnes

**2002100048**  
3713; 9310

Reykjavík, 3. júlí 2003

**Efni: Allt að 500 kW Grímsárvirkjun, Eyja- og Kolbeinsstaðahreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Félagsbúsins Miðhrauni sf. dags. 14. apríl 2003 þar sem Skipulagsstofnun er tilkynnt fyrirhuguð virkjun Grímsár í Eyja- og Miklaholtshreppi, samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum og lið 3 a í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Eyja- og Miklaholtshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra.

Umsagnir bárust frá sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps með bréfi dags. 6. maí 2003, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 30. apríl 2003, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 6. maí 2003 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 16. apríl 2003.

Frekari upplýsingar og svör bárust frá framkvæmdaraðila með tölvupósti dags. 1. og 2. maí 2003.

**FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA**

Áformað er að virkja allt að 500 kW í Grímsá við Miðhraun í Eyja- og Kolbeinsstaðahreppi á Snæfellsnesi. Tilgangur framkvæmdanna er m.a. að nýta raforkuna til orkufrekrar fiskþurrkunar sem fyrir er á staðnum. Áformað er að steypa um 3-4 m háa og um 30 m langa stíflu í um 212 m h.y.s. en stöðvarhúsið verður í um 67 m h.y.s. um 1,2 km neðan stíflunnar. Aðrennislögn frá stíflu verður grafin niður meðfram vegi að stöðvarhúsi. Uppistöðulónið verður 500 til 1000 m<sup>2</sup>, en ekki er um miðlunarlón að ræða þar sem virkjunin verður rennislisvirkjun. Vegslóð liggur að fyrirhuguðu stöðvarhúsi en vegna framkvæmdanna þarf að leggja vegslóð frá stöðvarhúsi að stíflustæði. Taka þurfi 1.500 - 2.500 m<sup>3</sup> af mól sem notuð verður í vegslóð og ofanburð í þann veg sem fyrir er. Áætlað er að efnistakan verði úr námum sem fyrir eru á staðnum, úr árfarveginum en sennilega mest upp úr grunni stöðvarhúss. Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að frá stöðvarhúsi verði lagður jarðstrengur að spennu. Ekki liggur fyrir hvort hann verði lagður að Miðhrauni eða að

spennivirki RARIK.

Með gögnum framkvæmdaraðila fylgdi álit Veiðimálastofnunar um áhrif vatnsaflsvirkjunar í Grímsá á fiskistofna. Þar kemur fram að við athugun á ánni sumarið 2002 hafi fundist lax, urriði og bleikja. Áin hafi verið könnuð efst í 60-70 m h.y.s. nærri fyrirhuguðu stöðvarhúsi. Þar hafi einungis fundist bleikja í seiðaathugunum. Virkjunarsvæðið ofan stöðvarhúss hafi ekki verið kannað en ólíklegt sé talið að áin framleiði fisk á svæðinu þar sem hiti árinna sé lægri og halli og þar með straumhraði séu mun meiri auk þess sem fossar hindri uppgöngu fiska. Fram kemur að þar sem fyrirhugað sé að virkja rennsli árinna eins og það sé á hverjum tíma, án miðlunar, verði ekki séð að framkvæmdin komi til með að hafa neikvæð áhrif á búsvæði laxfiska neðan virkjunar.

## **ÁLIT UMSAGNARAÐILA**

### **Almennt**

Í umsögnum Eyja- og Miklholtshrepps, Fornleifaverndar ríkisins, Umhverfisstofnunar og veiðimálastjóra kemur fram að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

### **Fornleifar**

Í umsögn Fornleifaverndar ríkisins kemur fram að minjavörður Vesturlands hafi kynnt sér framkvæmdina. Að hans mati séu litlar líkur á því að fornleifar finnist á áhrifasvæði framkvæmdanna og því sé ekki talin ástæða til að fram fari sérstök fornleifaskráning vegna framkvæmdarinnar. Minjavörður muni skoða umrætt framkvæmdarsvæði. Finnist fornleifar beri að taka tillit til þeirra við framkvæmdirnar.

### **Náttúrufar**

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að í tilkynningu framkvæmdaraðila sé ekki lýsing á náttúrufari svæðisins en í henni séu myndir sem sýni aðstæður á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði. Byggt á myndum af svæðinu virðist ekki ástæða til að gera athugasemdir við fyrirhugaða staðsetningu mannvirkja eða ætla að framkvæmdirnar muni hafa umtalsverð áhrif á náttúrufar. Umhverfisstofnun bendir á að vegur að stöðvarhúsi muni liggja yfir Hörgsholtshraun sem sé nútímahraun sem falli undir 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Vegslóð liggja nú þegar yfir hraunið en fyrirhugað sé að lagfæra hana. Jafnframt verði stíflumannvirki og lón í jaðri hrauntungu úr Hörgsholtshrauni. Jarðmyndanir sem falli undir 37. gr. laga um náttúruvernd skuli njóta sérstakrar verndar og skuli forðast röskun þeirra eins og kostur er. Umhverfisstofnun bendir á að nú sé lögð á það meiri áhersla en áður að vernda landslagsheildir og hvað jarðfræðiminjar varði beri t.d. að vernda eldstöðvar og hraun sem frá þeim runnu sem eina heild en ekki vernda gíga sem afmarkað fyrirbæri. Stofnunin telji því að taka verði tillit til ofangreindra jarðmyndana við fyrirhugaðar framkvæmdir og gæta þess að hrauninu verði ekki raskað frekar en orðið er.

### **Fiskar**

Í umsögn veiðimálastjóra kemur fram að miðað við stærð og staðsetningu umræddrar virkjunar og álit sérfræðinga, sé ekki þörf á að framkvæmdirnar þurfi að undirgangast mat á umhverfisáhrifum, enda sé málið afgreitt samkvæmt 41.- 43. grein laga nr. 76/1970 um lax- og silungsveiði með síðari breytingum, sem varða mannvirkjagerð við veiðivötn.

## NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða allt að 500 kW virkjun Grímsár í Eyja- og Miklaholtshreppi. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 a í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun telur að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa óveruleg áhrif á náttúrufer. Lón verður lítið og lítið land mun fara undir vatn. Þar sem um rennslisvirkjun verður að ræða verða vatnsborðssveiflur óverulegar og ekki verður hætt á sandfoki. Fyrir liggur sérfræðiálit frá Veiðimálastofnun þar sem fram kemur að virkjunin muni ekki hafa neikvæð áhrif á búsvæði laxfiska neðan virkjunar. Skipulagsstofnun telur að sjónræn ummerki lagna verði óveruleg þar sem aðrennslislögn verði niðurgrafin sem og rafstrengur frá stöðvarhúsi. Skipulagsstofnun tekur undir með Umhverfisstofnun um nauðsyn þess að sýna þurfi sérstaka aðgæslu við fyrirhugaðar framkvæmdir við Hörgsholtshraun og gæta þess að hrauninu verði ekki raskað frekar en orðið er.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að allt að 500 kW Grímsárvirkjun í Eyja- og Miklaholtshreppi sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdin er framkvæmdaleyfisskyld skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997. Unnt er að veita framkvæmdaleyfi á grundvelli Deiliskipulags Grímsárvirkjunar í landi Miðhrauns, Eyja- og Miklaholtshreppi, þegar auglýsing um gildistöku þess hefur verið birt í B-deild Stjórnartíðinda, en leita þarf meðmæla Skipulagsstofnunar skv. 3. tl. bráðabirgðaákvæða skipulags- og byggingarlaga vegna framkvæmdaleyfis fyrir efnistöku þar sem ekki er tekið á efnistöku í samþykktu deiliskipulagi.

Samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 1. ágúst 2003.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Afrit.

Umhverfisráðuneytið, Eyja- og Miklaholtshreppur, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun og veiðimálastjóri.

